

## Auglýsingar útboða

### Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes.“ Um er að ræða endur- og nýlagningu Strandavegar frá Ásmundarnesi, um Reykjavík, Álfból, Brúará að Illaholti. Heildarlengd þessa vegarkafla er 5,3 km.

Helstu magntölur eru: bergskering 19.500 m<sup>3</sup>, fyllingar og fláafleygar 67.000 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 13.000 m<sup>3</sup>.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 24. mars 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 7. apríl 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Héðinsfjarðargöng

Þann 13. mars sl. voru útboðsgögn fyrir gangagerð um Héðinsfjörð send þeim verktökum sem eftir forval á sl. ári voru valdir til þátttöku í útboðinu. Tilboð verða opnuð föstudaginn 30. maí 2003. Framkvæmdum á að vera lokið síðla árs 2008.

Í útboðinu felst gerð tveggja ganga, annars vegar 3,7 km milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og hins vegar um 6,9 km milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Við alla gangaenda verða byggðir

### Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut 01-016

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið: Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut.

Helstu magntölur í veghluta eru: skeringar í laus jarðlög 135.000 m<sup>3</sup>, bergskeringar 117.000 m<sup>3</sup>, fylling og neðra burðarlag 74.000 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 7.900 m<sup>3</sup>, malbik 70.000 m<sup>2</sup> og ofanvatnsræsi 3.800 m.

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru: mótafletir 7.300 m<sup>2</sup>, steypustyrktarjárn 343.000 kg, spennistál 38.000 kg og steinsteypa 2.950 m<sup>3</sup>.

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 24. mars 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 , þriðjudaginn 22. apríl 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

steyptir vegskálar. Vegagerð í Siglufirði er um 2 km, í Héðinsfirði 0,6 km og í Ólafsfirði 0,6 km. Byggja á tvær brýr, á Fjarðará í Siglufirði og Héðinsfjarðará. Ný brú á Ólafsfjarðará er í sérstöku útboði.

Vegna viðkvæms umhverfis í Héðinsfirði og takmörkunar á umferð þar, skal verktaki aðeins halda þar úti lágmarksaðstöðu á verkíma. Aðkoma hans að vinnusvæðinu verður um

## Niðurstöður útboða

### Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit 03-026

Síðari opnunarfundur 17. mars 2003. Austurlandsumdæmi. Gerð Fáskrúðsfjarðarganga. Um er að ræða eftirlit með gerð 5,7 km langra jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, með byggingu á samtals um 8,5 km löngum vegi beggja vegna ganga og 200 m löngum steypum vegskálum.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út í lokuðu útboði og voru tilboð í hana opnuð 17. febrúar 2003. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2003 og að þeim ljúki haustið 2005.

Val bjóðanda í eftirlit fer fram á grundvelli hæfnivalds og verðs og þar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

#### Bjóðandi

Línuhönnun hf., Reykjavík. Tilboð ógilt  
Geotek, Reykjavík, hæfnismat einkunn 63,0  
tilboðsupphæð kr. 142.200.000  
Áætlaður verktakakostnaður kr. 120.000.000

jarðgöngin. Vegagerðin mun sumarið 2004 sjá um að hreinsað verði ofan af klöppinni fyrir gangaendanum í Héðinsfirði að vestanverðu til að auðvelda verktaka að opna gangaendanum út með greftri innan frá.

Leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verður um 15 km eftir framkvæmdina.

### Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt 03-006

Tilboð opnuð 17. mars 2003. Vesturlandsumdæmi. Endurlagning Bæjarsveitarveggar (513) frá Borgarfjarðarbraut að Laugarholti. Lengd kafla 2,7 km.

Helstu magntölur: Skeringar 2.000 m<sup>3</sup>, þar af bergskeringar 350 m<sup>3</sup>, fyllingar 13.600 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 5.000 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 2.700 m<sup>3</sup>, klæðingar 16.000 m<sup>2</sup>.  
Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	21.915.705	100,0	4.850
6	Borgarverk ehf., Borgarnesi	21.836.000	99,6	4.770
5	Mjöllnir, Selfossi	21.778.000	99,4	4.712
4	Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	20.340.000	92,8	3.274
3	Jörfi hf., Hvanneyri	19.699.000	89,9	2.633
2	Þróttur ehf., Skilimannahreppi	18.852.600	86,0	1.787
1	Ingileifur Jónsson ehf., Svínvatni	17.066.000	77,9	0

### Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði 02-044

Tilboð opnuð 17. mars 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. Siglufjarðarvegur (76) Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði.

Helstu magntölur: útgröftur úr götu- eða gangstéttarstæði 4.800 m<sup>3</sup>, skurðir 650 m, lagnir st 200 - 600 620 m, neðra burðarlag 4.100 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 1.120 m<sup>3</sup>, stungumalbik 4.940 m<sup>2</sup>, kantsteinn 250 m, steypur gangstéttar 650 m<sup>2</sup>, yfirfalls og dælubrunnur 1 stk.

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Bás ehf., Siglufirði	62.671.986	115,6	0
1	Áætlaður			
	verktakakostnaður	54.213.000	100,0	-8.459

